

Verkfærakista fyrir forvarnarteymi grunnskólanna

Fyrirmynd að erindisbréfi fyrir forvarnarteymi grunnskóla vegna forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Fyrirmyndin er til leiðbeininga og aðlögunar að staðbundnum aðstæðum. Hún byggir á aðgerð C.1 í aðgerðaráætlun með þingsályktun nr. 37/150 og felur í sér nánari útfærslu á henni. Lagt er til að fyrirmyndin verði tekin til umfjöllunar í fræðslunefnd sveitarfélagsins í samvinnu við skólaskrifstofu þess og skólastjóra viðkomandi skóla.

I Hlutverk og skipan forvarnarteymis grunnskólanna skv. aðgerðaráætlun

1. Teymið skal tryggja kennslu til allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.
2. Teymið skal leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
3. Teymið skal vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.
4. Ábyrgðaraðilar teymisins eru skólastjóri og skólaskrifstofa sveitarfélagsins. Skólaskrifstofur skulu fylgja því eftir að innan hvers skóla verði starfrækt forvarnarteymi.

Teymið skal, eftir því sem unnt er, skipað:

1. Stjórnanda
2. Kennara með þekkingu á málaflokknum
3. Skólahjúkrunarfræðingi
4. Skólasálfræðingi
5. Proskapjálfa/sérkennara
6. Námsráðgjafa
7. Tengilið við frístundaheimili og/eða tengilið við félagsmiðstöðvar
8. Tengilið við félagsþjónustu

II Nánar um verkefni teymis

- Endanlegt markmið þingsályktunarinnar er að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verði samþættar kennslu og skólastarfi. Samkvæmt aðgerð A.2 eiga skólaskrifstofur að vinna að þessari samþættingu og tryggja að forvarnir á þessu sviði verði markviss þáttur í skólastefnu sveitarfélaga og í forvarnastefnu hvers skóla. Verkefni forvarnateymis er að styðja við að þessi samþætting skili sér í raun í kennslu til allra árganga grunnskólans. Forvarnateymi gerir í samvinnu við skólastjóra áætlun um forvarnakennslu til allra árganga fyrir hvert skólaár á meðan ekki hefur náðst að endurskoða skólastefnu en eftir að samþætt skólastefna liggur fyrir er teymið til stuðnings um framkvæmd hennar og eftirfylgni.
- Teymið skal sjá til þess að fyrir hendi sé áætlun um viðbrögð þegar börn greina frá áreitni eða ofbeldi eða grunur vaknar um slíkt og styðja við framkvæmd slíkrar áætlunar.
- Teymið skal sjá til þess að starfsfólk skólans fái fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni í samræmi við aðgerð C.2:
 - 1.1.1. Starfsfólk fái lágmarksfræðslu á netnámskeiði Barna- og fjölskyldustofu, sbr. aðgerð A.4. Markmiðið er að 90% alls starfsfólks skólans hafi í árslok 2025 lokið þessu námskeiði. Teymið gerir áætlun um í hvaða skrefum eigi að ná þessu markmiði þegar námskeiðin liggja fyrir árið 2022. Það heldur utan um fjölda starfsfólks sem lokið hafa netnámskeiði og ber ábyrgð á eftirfylgni innan skólans. Teymið miðlar reglulega upplýsingum til skólaskrifstofu sveitarfélagsins.
 - 1.1.2. Að standa fyrir umræðu innan skólans um þessi málefni og sjá til þess að starfsfólk fái frekari fræðslu en netnámskeiðin sem m.a. skólaskrifstofur eiga að bjóða upp á.

III Faglegur stuðningur við teymið

- Teymið skal njóta faglegs stuðnings frá skólaskrifstofu sveitarfélagsins, sé um skóla utan skólaskrifstofu að ræða njóta skólar faglegs stuðnings forvarnafulltrúa sambandsins, sbr. aðgerð A.2.
- Náms- og fræðsluefni á vef Menntamálastofnunar, sbr. aðgerð A.5 og C.3.
- Netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu, sbr. aðgerð A.4.

IV Skipulag funda og úrvinnsla mála

- Teymið skal vera með fasta fundi mánaðarlega fyrsta starfsárið og síðar reglulega fundi eftir þörfum.
- Ábyrgðaraðili teymisins/formaður sér um að boða fundi með góðum fyrirvara og skriflegri dagskrá sem er send fulltrúum teymisins a.m.k. viku fyrir fund. Hann skal, eftir atvikum, njóta aðstoðar fulltrúa teymisins varðandi undirbúning funda og ritun fundargerða.
- Ábyrgðaraðili/formaður skal vera tengiliður teymisins við skólaskrifstofur og/eða forvarnafulltrúa sambandsins standi skólar utan skólaskrifstofa, og miðla upplýsingum um starf teymisins og tölfræðilegar upplýsingar í tengslum við fræðslu og námskeið fyrir starfsfólk og nemendur.
- Fulltrúar teymisins, sem og annað starfsfólk skóla, geta sett fram óskir um að teymið fjalli um mál sem lúta að verklagi, framboði fræðslu fyrir starfsfólk eða nemendur, endurmenntun starfsfólks

eða annað, hvort heldur á föstum fundum eða aukafundum ef mál þola ekki bið. Koma skal slíkum beiðnum á framfæri við formann tímanlega svo hægt sé að setja mál á dagskrá fyrir fund.

- Fastir liðir á fundum teymisins séu:
 - 1.1.1. Fjöldi starfsfólks skólans sem lokið hafa gagnvirku netnámskeiði Barna- og fjölskyldustofu og framgang frá síðasta fundi.
 - 1.1.2. Gert er grein fyrir stöðu á fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni innan hvers árgangs innan skólans.

V Bakgrunnsskjöl sem tengjast teyminu

- [Þingsályktun 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025.](#)

Gátlisti fyrir forvarnarteymi grunnskólanna

Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum

Forvarnarstefna grunnskólanna endurspeglar mikilvægi þess að allir nemendur upplifi öryggi gagnvart kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni innan veggja skólans.

Staða

0 = Á ekki við

1 = Ekki komið til framkvæmda

2 = Að litlu leyti komið til framkvæmda

3 = Að hluta komið til framkvæmda

4 = Að miklu leyti komið til framkvæmda

5 = Að fullu komið til framkvæmda

Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni hafa verið samþættar inn í skólastefnu skólans.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni innan skólans eru byggðar á fræðilegum grunni og þekkingu.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Verklagsreglur og viðbragðsáætlanir skólans og alls starfsfólks hans innihalda upplýsingar um viðbrögð við ofbeldi og áreitni af hverju tagi, hvort sem starfsfólk eða nemendur eiga í hlut.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Skólinn er með skýra viðbragðsáætlun og verklagsreglur um hvernig tilkynnt er til barnaverndar og/eða lögreglu.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Skýr forvarnarstefna um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni er fyrir hendi innan skólans.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Kennsla um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni er tryggð í öllum árgöngum.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Tekið er mið af 2.gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stefnumótunum skólans.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Það fer fram mat á aðgerðum sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni innan skólans.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Haft er samráð við börn og leitað upplýsinga hjá þeim um það hvort að aðgerðir til forvarna hafi skilað árangri, mikilvægt er að einnig sé haft samráð við börn sem tilheyra jaðarsettum hópum.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
Allt starfsfólk skólans hafa lokið gagnvirku netnámskeiði Barna- og fjölskyldustofu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum.	0 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



MENNTAMÁLASTOFNUN